



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Menntamálanefnd
Austurstræti 8 - 10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík 30. nóvember 2004

Efni: Frumvörp til laga um breytingu á lögum um Háskóla Íslands, nr. 41/1999, með síðari breytingum, 348. mál, um breytingu á lögum um Kennaraháskóla Íslands, nr. 137/1997, með síðari breytingum, 349. mál og um breytingu á lögum um Háskólann á Akureyri, nr. 40/1999, með síðari breytingum, 350. mál.

Frumvörpin mæla fyrir um hækkun skrásetningargjalda í ríkisháskólum úr 32.500 kr. í 45.000 kr. Er það í samræmi við óskir ríkisháskólanna og við það miðað að fjárhæð skrásetningargjaldanna renni óskipt til þeirra. Ekki er gert ráð fyrir því í forsendum fjárlagafrumvarpsins að innheimta gjaldanna komi til frádráttar fjárveitingum til ríkisháskólanna á fjárlögum. Er skráningargjaldinu ætlað að mæta kostnaði af margvíslegri þjónustu sem stúdentum er veitt á námstímanum.

Eðlilegt hlýtur að teljast að háskólanemar taki einhvern þátt í þeim kostnaði sem af háskólanámi þeirra hlýst, námi sem mun í mörgum tilfellum skapa þeim auknar tekjur til framtíðar. Samtökin styðja því þessa hækkun, þótt réttara væri að stíga skrefinu lengra og skilgreina svigrúm til innheimtu skólagjalda við ríkisháskólana.

Eins og SA hafa ítrekað bent á er háskólanám ekki lengur bundið við fáeinar deildir embættismannanáms. Mikil aukning á aðsókn í háskólanám er þjóðfélagslega mjög jákvæð þróun sem m.a. má rekja til þess aukna fjölbreytileika og valfrelsis sem nýir háskólar hafa haft í för með sér. Hlutfall háskólamenntaðra á íslenskum vinnumarkaði hefur lengi verið með lægra móti í samanburði við nágrannalönd, en horfur eru á breytingum til betri vegar í þeim efnum og var ekki vanþörf á. Við þessar aðstæður er hins vegar hugmyndin um gjaldfrelsi í háskólanámi í raun sprungin, því að möguleikarnir á að bjóða upp á nýja valkosti eru óþrjúgandi og eftirspurnin endalaus. Innheimta skólagjalda gefur kost á meiri sjálfstýringu í uppbyggingu skólakerfisins og tryggir þannig tengsl hennar við þá eftirspurn sem til staðar er. Gríðarleg aðsókn hefur verið að þeim háskólum hérlendis sem innheimta skólagjöld – sem eru láns hæf hjá LÍN - og hefur sú samkeppni haft mjög jákvæð áhrif á starfsemi t.d. Háskóla Íslands. Þá hefur OECD bent á að lítil kostnaðarþátttaka nemenda virðist vera helsta ástæða fremur langs námstíma íslenskra háskólanema.

Virðingarfyllst,

Guðstaf Adolf Skúlason

Forstöðumaður stefnumótunar- og samskiptasviðs

Aðsetur:
Borgartún 35
105 Reykjavík

Sími:
591 00 00

Bréfsími:
591 00 50

Netfang:
sa@sa.is

Veffang:
www.sa.is